

Föstudaginn 19. maí 1961.

Nr. 216/1960. **Oliúfélagið h/f**

(Guðmundur Ásmundsson hrl.)

gegn

**Dánarbúi Jóns Gunnarssonar og gagnsök**

(Gunnar A. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabætur.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. desember 1960, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. s. m. og krafist þess, aðallega að honum verði dæmd sýkna og dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að dæmdar fjárhæðir verði færðar niður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. janúar 1961, áfrýjað málinu með stefnu 17. febrúar 1961 og fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 200.915.67 með 7% ársvöxtum frá 29. marz 1954 til greiðsludags og kr. 21.376.00 í málskostnað í héraði og málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 17.885.50.

Samkvæmt skýrslu umboðsmanna aðilja andaðist Jón Gunnarsson 5. apríl 1961, og hefur dánarbúi hans tekið við málsaðildinni.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um sakarskiptingu, þannig að aðaláfrýjanda ber að dæma til að bæta slysið fé að hálfu.

Eigi eru efni til að dæma dánarbúi Jóns Gunnarssonar fébætur, sem miðaðar séu við lengri tíma en hina raunverulegu lífstíð hans.

1. Árni Björnsson tryggingarfræðingur hefur hinn 15. maí

1961 reiknað örorkubætur Jóns Gunnarssonar fram að dánardegi hans, 5. apríl 1961, og lagt til grundvallar tekjur, er samsvara tekjum Jóns árin 1951—1953. Reikningurinn er framkvæmdur með sama hætti sem í héraðsdómi greinir. Innstæðueyrir örorkubóta á slysdagi nemur samkvæmt þessum reikningi kr. 68.076.00. Tryggingastofnun ríkisins hefur þegar greitt af þeirri fjárhæð kr. 26.035.10. Rétt þykir í máli þessu að bæta örorku-  
tjón að hálfu með ..... kr. 20.000.00

- |  |             |
|--|-------------|
| 2. Sjúkrakostnaður verður af ástæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, eigi dæmdur. |             |
| 3. Reiðhjól bætist að hálfu með .....  | — 500.00    |
| 4. Fatnaður bætist að hálfu með .....  | — 250.00    |
| 5. Lækniskostnaður bætist að hálfu með ..  | — 212.50    |
| 6. Þjáningar, óþægindi og lýti þykir rétt að bæta að hálfu með .....             | — 10.000.00 |

Samtals kr. 30.962.50

Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda fjárhæð þessa með vöxtum, svo sem síðar segir.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 17.161.00. Af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 10.000.00, en auk þess ber að greiða talsmanni úr ríkissjóði kr. 5.000.00.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Oliufélagið h/f, greiði gagnáfrýjanda, dánarbúi Jóns Gunnarssonar, kr. 30.962.50 með 6% ársvöxtum frá 29. marz 1954 til 22. febrúar 1960, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 17.761.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður gagnáfrýjanda, Gunnar Pálsson hæstaréttarlögmaður, kr. 10.-

000.00, en auk þess greiðist Gunnari Pálssyni hæstaréttarlögmanni úr ríkissjóði kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. apríl 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., hefur Jón Gunnarsson símamaður, Hagamel 8, hér í borg, höfðað á bæjarþinginu með utanréttarstefnu, dags. 25. ágúst 1958, gegn Olíufélaginu h/f hér í borg, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 215.210.92, ásamt 7% ársvöxtum frá 29. marz 1954 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 29. september 1958, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu. Við munnlegan flutning málsins hinn 8. þ. m. lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 200.915.67, hélt fram vaxtakröfu sinni óbreyttri og krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 21.376.00 í málskostnað.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar eftir mati dómars, en til vara, að fjárhæð sú, sem stefnandi krefst, verði lækkuð stórlega og málskostnaður látinn niður falla.

Samvinnutryggingum er stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekkj gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Tildrög málsins eru þau, að skömmu fyrir kl. 8 að morgni mánudagsins 29. marz 1954 lenti stefnandi í umferðarslysi á Túngötu við mót þeirrar götu og Suðurgötu. Var stefnandi á reiðhjólí á leið til vinnu sinnar í Landssímahúsinu, er þetta gerðist. Ók hann á hjólinu norður Suðurgötu og inn á Túngötu og hugðist sveigja til hægri austur Kirkjustræti. Í sama mund var vörubifreiðinni R 1968 ekið niður Túngötu, en ferð hennar var heitið áleiðis austur Kirkjustræti og suður á Reykjavíkurflugvöll. Bifreiðinni ók Jón Óskar Álfsson, og hjá honum í stýrishúsi bifreiðarinnar var einn farþegi, Sighvatur Þorsteinsson að nafni. Mættust bifreiðin og reiðhjólíð þannig, að árekstur varð, en aðiljana greinir mjög á um, með hverjum hætti. Við áreksturinn féll stefnandi af reiðhjólinu í götuna, og kom í ljós við rannsókn á sjúkrahúsi skömmu seinna, að hann hafði hlotið brot á hægri lærlegg og áverka á vinstri úlnlið. Mikil spjöll urðu á reiðhjólinu, en engin merkj árekstrar sáust á bifreiðinni. Bif-

reið þessi var eign stefnda og tryggð lögboðinni váttryggingu hjá réttargæzlustefnda.

Rannsóknarlögreglan hóf samdægurs rannsókn á slysi þessu og tók skýrslur af öikumanni bifreiðarinnar, farþega hans, vegfaranda, sem leið átti framhjá slysstaðnum í þann mund, sem slysið varð, og stefnanda. Verður hér á eftir rakið efni þessara skýrslna.

Jón Óskar Álfsson skýrir svo frá, að hann hafi í umrætt sinn ekið niður Túngötu á eðlilegri ferð, eða 10—15 km hraða, miðað við klukkustund. Er bifreiðin nálgast umgetin gatnamót, hafi hann dregið úr ökuhraðanum. Hann kveðst ekki hafa séð til stefnanda og einskis óeðlilegs orðið var, fyrr en hann heyrði skruðning við hægri hlið bifreiðarinnar. Þá um leið hafi hann hemlað og hafi bifreiðin stöðvazt strax. Er hann kom út úr bifreiðinni, hafi reiðhjól stefnanda legið á götunni rétt aftan við hæggra afturhorn bifreiðarinnar. Bifreiðarstjórinn kveðst engin merki hafa séð þess á bifreiðinni, að árekstur hafi orðið, en hann þykist vita, eins og hann kemst að orði, að stefnandi hafi hjólað á hlið bifreiðarinnar, því að öruggt sé, að hann hafi alls ekki komið fram fyrir bifreiðina. Skýrslu þessa, sem bifreiðarstjórinn gaf sama dag og slysið varð, staðfesti hann fyrir dómi tæplega 5½ ári seinna.

Vitnið Sighvatur Þorsteinsson skýrir svo frá í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar, að bifreiðinni hafi verið ekið niður Túngötu „á eðlilegri ferð eða mjög hægt“, eins og vitnið kemst að orði, en nánar treystir það sér ekki til að tilgreina ökuhraðann. Vitnið kveðst ekki hafa séð til stefnanda, áður en slysið varð, og slysið hafi það skynjað þannig, að það heyrði hávaða. Um leið hafi bifreiðin verið hemluð og hafi hún stöðvazt strax. Vitnið kveður reiðhjól stefnanda hafa legið rétt aftan við hæggra afturhorn bifreiðarinnar, er að var komið eftir slysið. Það kveðst öruggt um, að stefnandi hafi ekki lent fyrir framan bifreiðina, en kveðst á hinn bóginn telja öruggt, að hann hafi lent á hægri hlið bifreiðarinnar fyrir aftan stýrishúsið. Ekki kveðst vitnið þó hafa aðgætt, hvort merki sæust á bifreiðinni, er bentu til þess, hvar stefnandi lenti á henni. Vitnið tekur fram, að bifreiðarstjórinn hafi verið í alla staði eðlilega á sig kominn og beint athygli sinni óskiptri að akstri bifreiðarinnar.

Vitnið Sigurbjörn Gunnarsson skýrir rannsóknarlögreglunni svo frá daginn eftir slysið, að skömmu áður en slysið varð, hafi það gengið niður syðri gangbraut Túngötu, en ferð þess hafi verið

heitið austur yfir Suðurgötu og fram hjá húsi Hjálpræðishersins. Er það sté út á Suðurgötu við gatnamótin, hafi það séð til ferða stefnanda, er í þann mund hafi komið á reiðhjólí sunnan Suðurgötu. Vitnið kveðst þekkja stefnanda, og um leið og hann fór framhjá, hafi það heilsað honum. Stefnandi hafi þá litið andartak á vitnið, en ekki sinnt því frekar. Vitnið kveður stefnanda hafa hjólað hægt, en hann hafi hjólað hiklaust fram hjá vitninu og áfram inn á Túngötu. Kveðst vitnið engin merki hafa séð þess, að stefnandi sæi til ferða bifreiðarinnar, áður en slysið varð. Er stefnandi var kominn út á gatnamótin, hafi það engum togum skipt, að hann sveigði hjólinu til hægri, en um leið hafi bifreið stefnda verið komin út á gatnamótin, og hafi framhjól reiðhjólsins lent á miðri hægri hlið bifreiðarinnar. Hafi stefnandi ekki reynt að stöðva hjólið, áður en það lenti á bifreiðinni. Vitnið kveður bifreiðinni hafa verið ekið hægt og hún hafi runnið áfram um hálfa bíllengd, eftir að slysið var skeð. Við áreksturinn hafi stefnandi fallið í götuna og losnað strax við reiðhjólíð, er fallið hafi í götuna alveg við hlið bifreiðarinnar. Hægra afturhjól bifreiðarinnar hafi lent að einhverju leyti ofan á afturhjólí reiðhjólsins.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð, sem vitni þetta hefur undirritað tæplega 5 árum eftir slysið. Hvarflar vitnið þar um sumt frá því, sem rakið hefur verið hér að framan úr skýrslu þess fyrir rannsóknarlögreglunni. Segir vitnið nú, að stefnandi hafi „hægt á sér“, er hann kom að gatnamótunum, bifreiðinni hafi verið ekið á allhraðri ferð niður Túngötu og nú geti það ekki sagt um, hvort bifreiðinni var ekið á reiðhjólíð eða því var öfugt farið. Tæplega 5½ ári eftir slysið kemur vitnið svo fyrir dóm. Ítrekar það þá það, sem í vottorðinu greinir um, að stefnandi hafi dregið úr ferð reiðhjólsins, er að gatnamótunum kom, og getur þess nú jafnframt, að hann hafi þá farið mjög hægt. Nú kveðst vitnið ekki hafa séð, þegar áreksturinn varð. Það hafi fyrst litið við, er stefnandi skall í götuna. Um ökuhraða bifreiðarinnar ber vitnið nú, að það hafi ekki veitt bifreiðinni neina athygli, áður en áreksturinn varð, og geti það því ekki fullyrt neitt um hraða hennar. Þó telji það, að bifreiðinni hafi verið ekið dálítið geyst.

Stefnandi skýrir rannsóknarlögreglunni svo frá á 2. degi eftir slysið, þá rúmliggjandi í sjúkrahúsi, að hann hafi hjólað hægt norður Suðurgötu. Við gatnamótin hafi hann mætt Sigurbirni Gunnarssyni og heilsað honum. Hann hafi síðan hjólað áfram,

en ekki séð til ferða bifreiðarinnar, fyrr en hann var kominn út á gatnamótin. Hann hafi þá sveigt til hægri og ætlað með því móti að forða sér undan bifreiðinni, en um leið hafi hann lent á bifreiðinni. Kveðst stefnandi halda, að hliðin á hægra framhjól bifreiðarinnar hafi lent á afturhjól reiðhjólsins. Stefnandi tekur fram í þessari skýrslu sinni, að hann muni mjög lítið atvik að slysinu, en þó sé hann öruggur um það, að hann hafi séð til ferða bifreiðarinnar, áður en slysið varð eða rétt í þann mund. Í lok skýrslunnar tekur stefnandi fram, að hann líti svo á, að hann hafi ekki gáð eins vel að umferðinni og hann myndi ella hafa gert, vegna þess að hann var að heilsa Sigurbirni Gunnarssyni.

Í skýrslu, undirritaðri af stefnanda 1. marz 1959, er lögð hefur verið fram í málinu, skýrir stefnandi allmjög á annan veg frá málavöxtum en í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglunni, sem rakin var hér að framan. Hann kveðst nú hafa litið eftir umferð, er hann kom að gatnamótunum, en ekkert farartæki hafi verið sjáanlegt nálægt þeim. Hafi hann að því búnu hjólað áfram inn á gatnamótin og sveigt til hægri. Er hann var kominn að umferðarsteini, er á þessum tíma var austanvert á gatnamótunum, hafi hann litið til baka og séð bifreið stefnda koma á mikilli ferð að gatnamótunum. Hann hafi þá reynt að forða sér yfir á syðri helming akbrautarinnar, en bifreiðinni hafi verið ekið svo hratt, að hún hafi náð honum, og hafi hlið hægra framhjóls eða aurlífar bifreiðarinnar komið á afturhjól reiðhjólsins og lagt það saman. Við þetta hafi hann misst stjórn á stýrinu og fallið í götuna, en reiðhjólið hafi snúizt, svo að framhjól þess hafi lent undir bifreiðinni aftanverðri. Þá fullyrðir stefnandi í skýrslu þessari, að hann hafi ekkert truflazt við að heilsa Sigurbirni Gunnarssyni svo og að hann hafi gáð alveg sérstaklega vel að umferðinni. Skýrslu þessa staðfestir stefnandi síðan fyrir dómi 3. september 1959. Bætir hann því þá við skýrsluna, að er hann leit við í umrætt sinn og sá bifreiðina nálgast, hafi bifreiðarstjórinn og farþegi hans snúið saman andlitum og annað hvort verið að tala saman eða kveikja sér í vindlingi.

Skýrslu lögreglunnar um slysið fylgir uppdráttur af slystaðnum. Samkvæmt honum er Túngata um 8 metra breið á milli gangbrauta á þessum slóðum. Markað er á uppdráttinn, hvar bifreiðin stóð eftir slysið svo og hvar reiðhjólið lá. Er bifreiðin sýnd á réttum helmingi Túngötu með framendann við hornið, þar sem koma saman gangbrautir Túngötu og Aðalstrætis. Reið-

hjólinu er markaður staður við hægra afturhorn bifreiðarinnar. Hemlaför eftir bifreiðina eru engin sjáanleg á uppdrættinum, og eigi er þeirra heldur getið í skýrslu lögreglunnar, en þar segir, að einn þeirra þriggja lögregluþjóna, sem komu á slystaðinn skömmu eftir slysið, hafi athugað hemla bifreiðarinnar, og hafi þeir reynt vera í lagi.

Hinn 24. október 1958 sneri lögmaður stefnanda sér til borgardómara og fór þess á leit, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að skoða reiðhjól það, er stefnandi var á, þegar hann varð fyrir umræddu slysi, og segja jafnframt álit sitt á því, ef unnt yrði að sjá það af reiðhjólinu, hvort ekið hefði verið á það, eða hvort hjólinu hefði verið ekið á bifreiðina.

Álitsgerð hinna dómkvöddu manna, sem voru Gestur Ólafsson bifreiðaeftirlitsmaður og Vilberg Jónsson reiðhjólaviðgerðarmaður, er dags. 15. nóvember 1958. Í henni segir m. a. á þessa leið:

„... Skemmdir hjólsins eru:

Báðar hjólgjarðir eru mikið beyglaðar og teinar í þeim lausir. Vinstri fótpetali brotinn af. Vinstri bögglaberagaffall boginn að afturhjóli. Aftasti og neðsti partur afturbrettis beyglaður og undinn að hjólinu.

Á framgaffli, stelli og stýri eru ekki sjáanlegar skemmdir utan þess, að stýrið hefur skekkzt til hægri, að líkindum við fall mannsins í götuna.

Álit okkar er: Hafi hjólreiðarmaðurinn ekið á bifreiðina R 1968, myndi að öllum líkindum framhjólíð fyrst hafa snert bifreiðina, og hefði þá átt að sjást á framgaffli, stýri eða stelli, því að þessir hlutir mega ekki við miklu höggi, svo að á þeim sjáist, en þeir eru ekkert beyglaðir eða brotnir.

Gaffall bögglaberans v. m. og afturbretti hefur orðið fyrir höggi, sem vart gæti hafa orðið við fall mannsins í götuna, en líkur benda hins vegar til þess, að ekið hafi verið aftan á reiðhjólíð, og bendir allt til þess, að bifreiðin hafi rekizt á hjólíð.“

Hinir dómkvöddu menn hafa staðfest þessa álitsgerð sína fyrir dómi.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að öldungis sé ljóst, að bifreiðarstjórinn á R 1968 hafi einn átt sök á umræddu slysi og beri því eigandi bifreiðarinnar óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Bendir stefnandi einkum á eftirfarandi í þessu sambandi: Í fyrsta lagi hafi bifreiðarstjórinn viðurkennt að hafa ekki séð til stefnanda fyrir slysið, enda þótt hann hafi örugglega átt að sjá til hans í tæka tíð, ef hann

hefði beitt skyldri athygli. Í annan stað sé það með öllu raka-  
laust, að stefnandi hafi hjólað á hlið bifreiðarinnar. Þvert á  
móti megi telja fullvíst, að bifreiðin hafi rekizt á hjólið. Vitnar  
stefnandi um þetta til álitsgerðar hinna dómkvöddu manna og  
jafnframt þess, að bifreiðarstjórinn og farþegi hans hafi hvorugur  
skynjað árekstur reiðhjólans á bifreiðina, heldur sé þar ein-  
ungis um ályktun þeirra að ræða, byggða á því, að þeir sáu  
ekki stefnanda koma fram fyrir bifreiðina. Í þriðja lagi sé á það  
að líta, að ekkert liggi fyrir í málinu um það, hvort bifreiðin  
var í lagi. Vafi þar um eigi að koma stefnda í óhag.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi sjálfur  
átt sök á slysinu, en bifreiðarstjórinn hafi aftur á móti sýnt  
þá aðgæzlu og varkárni við aksturinn, sem frekast verði krafizt  
af góðum bifreiðarstjóra, þar sem leitt sé í ljós, að hann hafi  
ekið mjög hægt eftir vinstri götubrún. Túngata sé aðalbraut,  
og hafi því stefnanda, er kom af hliðargötu, borið að nema staðar  
við gatnamótin, hyggja þar gaumgæfilega að umferð um Tún-  
götu og aka ekki inn á þá götu án fyllstu aðgæzlu. Þetta hafi  
stefnandi vanrækt, þar sem leitt sé í ljós, að hann hafi ekið  
hiklaust inn á Túngötu og hjólað á hægri hlið bifreiðarinnar.  
Vegna þessa gáleysis verði stefnandi að bera sjálfur allt tjón  
sitt af völdum slyssins.

Bifreiðarstjóranum og farþega hans ber saman um, að bif-  
reiðin hafi verið hemluð, um leið og slysið varð, og að bifreiðin  
hafi verið stöðvuð þegar í stað. Vitnið Sigurbjörn Gunnarsson  
hefur ekki hvikað frá þeim upphaflega framburði sínum, að  
bifreiðin hafi einungis runnið áfram hálfra lengd sína eftir slysið.  
Með þetta í huga og þegar virtur er áðurgreindur uppdráttur  
lögreglunnar af slysstaðnum, virðist sýnt, að slysið hafi orðið  
rétt austan við gatnamótin. Til þess bendir og það, hvar hjólið  
lá, þ. e. um 4—5 metra austan gatnamótanna samkvæmt upp-  
drættinum. Það gat því ekki hjá því farið, að bifreiðarstjórinn  
sæi stefnanda, hefði hann beitt nægri athygli við aksturinn. Að  
þessu athuguðu og með vísun til 34. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941,  
er í gildi voru á þessum tíma, ber að leggja á stefnda nokkra  
fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Það er eigi annað fram komið en stefnandi hafi hjólað hægt  
og að hann hafi haldið sig réttu megin á Suðurgötu, er hann  
beygði inn á Túngötu. Á hinn bóginn er á það að líta, að Tún-  
gata var á þessum tíma aðalbraut samkvæmt 2. mgr. 7. gr. þá-  
gildandi umferðarlaga nr. 24/1941. Bar því stefnanda, er hann

kom að gatnamótunum, að hyggja gaumgæfilega að umferð um Túngötu og fara ekki inn á gatnamótin, nema tryggt væri, að honum væri ekki hættu búin af umferð um þá götu. Þykir sýnt, að bifreið stefnda hafi verið svo skammt undan, er stefnandi fór inn á gatnamótin, að hann hafi með því teflt öryggi sínu mjög í tvísýnu. Má rekja slysið að nokkru til þessa gáleysis hans.

Með vísun til þess, sem rakið hefur verið, og þar sem nokkuð er á huldu um nákvæm atvik að slysinu, þykir rétt að líta svo á, að stefnandi og bifreiðarstjórinn hafi átt sök á slysinu að helmingi hvor. Verður stefnda því gert að bæta að hálfu tjón stefnanda af völdum slyssins, sbr. 35. gr. laga nr. 23/1941.

Stefnandi sundurliðar þannig fjárhæð kröfu sinnar:

1. Atvinnutjón .....	kr. 139.929.00
2. Sjúkrakostnaður .....	— 8.061.67
3. Reiðhjól .....	— 2.000.00
4. Fatnaður .....	— 500.00
5. Lækniskostnaður og vottorð ....	— 425.00
6. Þjáningar, óþægindi og lýti ....	— 50.000.00

---

Kr. 200.915.67

Um 1.

Af slysstaðnum var stefnandi fluttur í Landspítalann. Í vottorði dr. Friðriks Einarssonar deildarlæknis, dags. 25. marz 1955, segir á þessa leið um meiðslu stefnanda og legu hans á sjúkrahúsinu:

„.... Við skoðun fannst brot efst á hægri læri, og voru beinir mikið úr lagi, auk þess var mikil bólga á vinstri úlnlið, og átti sjúklingurinn erfitt með að hreyfa í úlnliðnum.

Sjúklingurinn lá á handlæknisdeild Landspítalans frá 29. marz til 27. apríl 1954, og var gert að brotinu með skurðaðgerð, en af Landspítalanum var hann sendur að hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði til þess að liggja þar áfram.

Sjúklingurinn kom til mín þ. 21. marz 1955 til skoðunar og til þess að fá vottorð um, hvernig ástand hans væri nú.

Sjúklingurinn skýrir svo frá, að hann sé símamaður, og á undanförunum árum hafi hann starfað að viðgerðum úti í bæ og ferðast á reiðhjól milli húsanna.

Hinn 1. nóvember 1954 fór hann að vinna að viðgerðum á verkstæði og getur það mæta vel með því að sitja við vinnu sína. Hann kveðst ekki geta tekið upp sína fyrri vinnu. Er honum ómögulegt að ferðast á reiðhjól vegna verkja í hægri mjöðm

og fæti og kraftleysis í mjöðminni. Hann kveðst heldur ekki geta annazt viðgerðir, þar sem hann þyrfti að ganga tröppur, stíga upp á stól eða þess háttar vegna kraftleysis, stirðleika og verkja í hægri mjöðm og fæti. Hann telur, að líðan sín hafi farið heldur batnandi, en þó mjög hægt, og segist hann verða að líta nokkra mánuði aftur í tímann til þess að verða var við verulegan mun á líðaninni nú og þá.

Þegar sjúklingurinn er kyrr, eru ekki miklir verkir, en þó alltaf dálítill sársauki í hægri mjöðm og hægra hné, en þetta hvort tveggja versnar strax við áreynslu. Hann kveðst vera nýfarinn að geta legið á hægri hlið í rúminu, en hingað til hefur það verið ómögulegt vegna eymsla.

Um skeið var einnig dálítill verkur í vinstra ganglim, og bólgnaði fóturinn um öklann. Telur sjúklingurinn þetta stafa af því, að hann hafi þá ofreynt vinstri fót, þar sem hann hafi þurft að hlífa hinum.

Sjúklingurinn kveðst ekki geta gengið nema lítið í einu, enn sem komið er.

Skoðun: Lítil maður og grannholda, ákaflega heyrnardaufur.

Gangur: Sjúklingurinn er mjög smástígur og gengur líkast því, að hann treysti ekki fætinum. Hann stingur við á hægri fæti. Þegar sjúklingurinn liggur á bakinu, getur hann lyft hægri fæti  $45^\circ$  frá borðinu, sem hann liggur á. Utan á hægri mjöðm sést 19 cm langt ör, er það mjúkt, alveg gróið og ekki vaxið fast við ungirliggjandi vef. Húðlitur er eðlilegur á mjöðminni og ganglimum öllum. Engin eymsli við þuklun.

Sýnileg stytting á hægri ganglim, og mælist hún tveir cm (mælt frá spina iliaca anterior superior að malleolus internus).

Hægri kálfi er einum cm grennri, og hægra læri  $1\frac{1}{2}$  cm grennra en vinstra megin.

Hreyfing út á við í hægri mjöðm er ekki nema  $\frac{1}{3}$  af eðlilegri hreyfingu, aðrar hreyfingar eðlilegar. Hægra hné og öklj eru eðlileg og einnig hægri fótur, nema sjúklingurinn hefur mikla stórutáarskekkju (Halux valgus), og er það óviðkomandi slysi því, sem hér um ræðir.

Röntgenmyndir voru teknar af hægri mjöðm, og sýna þær brotið gróið, en með nokkurri skekkju.

Ég tel, að kvartanir sjúklingsins séu ekki meiri en við má búast, og eru þær afleiðingar af áður nefndu slysi.“

Um vist stefnanda í Sólvangi liggja ekki fyrir læknisgögn í málinu.

Bergþór Smári læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í örorkumatínu, sem dagsett er 19. október 1955, segir á þessa leið:

„.... *Skoðun 13/10 1955.*

Sjúklingurinn er grannholda, ákaflega heyrnardaufur, er dálítið haltur. Á hægri mjöðm er ca 18 cm langt ör eftir skurðaðgerð, vel gróið og eymslalaust. Stytting á h. ganglim er 2 cm, og ganglimurinn (bæði læri og fótleggur) er ca 1 cm rýrari en vinstra megin. Beyging og rétting í mjöðminni er góð, en frávik (abduktion) er ekki nema  $\frac{1}{3}$  af eðlilegri hreyfingu. Hægri ökli og hné eru eðlileg.

Röntgenmynd, tekin í Landspítalanum 27/9 1955, sýnir, að brotið er gróið, en með nokkurri skekkju.

Tímabært telst að meta varanlega örorku Jóns af völdum ofangreinds slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi (29/3 '54) til 31/5 1954 ..	100%
— 1/6 '54 til 31/7 1954 .....	70%
— 1/8 '54 til 30/9 1954 .....	50%
— 1/10 '54 til 31/10 1954 .....	40%
Úr því varanleg örorka	20%.

Hinn 26. marz 1960 endurskoðaði Bergþór Smári framangreint örorkumat sitt. Í vottorði hans af því tilefni, dags. sama dag, segir á þessa leið:

„.... Ég get ekki séð, að ástand hans hafi breytt svo, hvað viðkemur afleiðingum ofangreinds slyss, síðan örorkumatið fór fram (19. okt. '55), að fært þyki að breyta því.“

Stefnandi er sagður fæddur 15. maí 1908. Hann hefur því verið 45 ára gamall, er hann varð fyrir slysinu. Stefnandi er maður ókvæntur. Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda hafa atvinnutekjur hans á síðastliðnum 12 árum verið sem hér segir: Árið 1948 kr. 29.334.00; árið 1949 kr. 32.714.00; árið 1950 kr. 30.066.00; árið 1951 kr. 37.584.00; árið 1952 kr. 34.548.00; árið 1953 kr. 38.684.00; árið 1954 kr. 17.390.00; árið 1955 kr. 40.436.00; árið 1956 kr. 55.356.00; árið 1957 kr. 56.435.00; árið 1958 kr. 58.932.00 og árið 1959 kr. 77.567.00. Það er áður komið fram, að stefnandi er símamaður. Hefur hann á greindu árabili unnið hjá bæjarsíma Reykjavíkur, fyrst framan af að viðgerðum úti um borgina, en eftir að hann varð fyrir slysinu á verkstæði bæjarsímans eingöngu. Telur stefnandi sig hafa misst allmikla eftirvinnu við þessi verkaskipti.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi á sumrum, áður en

hann varð fyrir umræddu slysi, starfað sem síldareftirlitsmaður á Siglufirði og haft af því góðar tekjur. Eftir að hann varð fyrir slysinu, hafi hann aftur á móti ekki getað sinnt því starfi, þótt honum hafi áfram staðið það til boða. Hefur stefnandi þessu til stuðnings lagt fram vottorð frá einni söltunarstöð á Siglufirði. Upplýsingar um það, hver hluti af atvinnutekjum stefnanda fyrir slysið er fyrir þetta starf, liggja ekki fyrir í málinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins í bréfi, dags. 7. apríl 1960, hefur stefnandi fengið greiddar þaðan bætur vegna slyssins, sem hér segir: Dagpeninga kr. 6.470.10 og örorkubætur kr. 19.565.00, eða alls kr. 26.035.10. Hefur stefnandi mótmælt því, að þetta fé komi til frádráttar, þegar metið er tjón hans samkvæmt þessum kröfulið. Á þau mótmæli hans þykir ekki verða fallizt.

Hinn 30. janúar 1956 gerði Árni Björnsson tryggingafræðingur áætlun um atvinnutjón stefnanda af völdum slyssins. Eftir ábendingu dómars var áætlað atvinnutjón reiknað út að nýju, og er sá útreikningur dags. 6. þ. m. Byggir stefnandi fjárhæð þessa kröfuliðar á þeim útreikningi. Útreikningur þessi er tvíþættur. Er annars vegar byggt á atvinnutekjum stefnanda næstu þrjú árin fyrir slysið, en hins vegar á kaupi Dagsbrúnarverkamanns fyrir 8 stunda vinnu og 300 vinnudaga á ári. Í fyrra tilvikinu verður niðurstaðan þessi:

Fyrir tímabilið 30/3—31/10 '54 ....	kr. 16.306.00
Eftir það .....	— 123.623.00
	<hr/>
	Kr. 139.929.00

Í síðara tilvikinu lítur niðurstaðan þannig út:

Fyrir tímabilið 30/3—31/10 '54 ....	kr. 14.790.00
Eftir það .....	— 112.130.00
	<hr/>
	Kr. 126.920.00

Það er fyrri niðurstöðutalan, sem stefnandi leggur til grundvallar.

Útreikningurinn er miðaður við 6% vexti p. a. Stuðzt er við héraðsreynslu af langlífi karla, en sænska reynslu af líkum fyrir minnkandi starfsorku í lifanda lífi. Samkvæmt því er gert ráð fyrir, að starfsorka 45 ára manns (aldur stefnanda á slysgengi) endist til 66 ára aldurs.

Stefnandi hefur mótmælt kröfuliðum þessum sem of háum. Stefnandi var fastur starfsmaður opinbers fyrirtækis, þegar

hann varð fyrir umræddu slysi. Hefur allt til þessa ekki orðið önnur breyting í því efni en að hann gegnir þar nú öðru starfi en hann áður hafði á hendi. Virðast skattframtöl stefnanda gefa til kynna, að til þessa hafi hinnar varanlegu örorku hans af völdum slyssins ekki gætt að verulegu ráði. Með þetta í huga og önnur atriði, sem hér koma til álita, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið á kr. 75.000.00. Hafa þá verið dregnar frá bætur þær, sem hann samkvæmt framan-skráðu hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins.

*Um 2.*

Undir þessum lið krefst stefnandi greiðslu á sjúkrakostnaði vegna slyssins. Nam sá kostnaður, er málið var höfðað, kr. 7.820.00. Kröfu þessa fékk stefnandi framselda hjá Sjúkrasam-lagi Reykjavíkur 11. október 1958, dskj. 13. Eftir það greiddi Tryggingastofnun ríkisins sjúkrasamlaginu kostnað þenna auk viðbótarkostnaðar, sem þá var áfallinn, alls kr. 8.061.67, sbr. dskj. 34.

Stefndi mótmælir því, að Tryggingastofnun ríkisins eigi rétt á endurgreiðslu þessa kostnaðar úr sinni hendi svo og að skil-yrði séu til þess, að stefnandi innheimti það fé.

Stefnandi hefur ekkj sýnt fram á, að Tryggingastofnun ríkis-ins hafi framselt honum ætlaðan rétt sinn til endurheimtu þess fjár, sem krafizt er greiðslu á undir þessum lið. Að vísu er tekið fram í bréfi Tryggingastofnunar ríkisins til lögmanns stefn-anda, þar sem gefnar eru upplýsingar um greiðslur þaðan vegna slyssins, dskj. 34, að stofnunin geri kröfu til þess, að stefnandi greiði henni þetta fé „af væntanlegu tildæmdu bótafé“, en alveg sýnist það óvíst, enda ekki til álita hér, hvort krafa þessi næði fram að ganga gagnvart stefnanda. Þegar af þeim ástæðum, sem nú voru raktar, brestur rök til að taka þenna kröfulið til greina að nokkru leyti.

*Um 3.*

Í greinargerð sinni í málinu hefur stefnandi krafizt 1000 króna vegna skemmda, er urðu á reiðhjólinu við slysið. Þá fjárhæð tvöfaldaði hann við munnlegan flutning málsins. Af hálfu stefnda var því ekkj mótmælt, að hækkun þessi fengi komizt að í mál-inu. Á hinn bóginn taldi hann, að hún ætti engan rétt á sér. Ítrekaði stefndi mótmæli sín, þau er hann hafði uppi í greinar-gerð, en þar er upphaflegri fjárhæð þessa kröfuliðar mótmælt sem allt of hárrí.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að tjón sitt samkvæmt þessum kröfulið nemi hærri fjárhæð en hann uphaflega krafðist. Að því athuguðu og þar sem sú fjárhæð þykir við hóf, þykir rétt að leggja hana til grundvallar.

*Um 4.*

Upphaflega krafðist stefnandi 100 króna samkvæmt þessum lið, og var kröfuliðnum svo vöxnum ekki mótmælt af stefnda. Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi aftur á móti kröfulið þenna í kr. 500.00. Samþykkti stefndi, að sú hækkun fengi komizt að, en mótmælti því jafnframt, að hún hafi við rök að styðjast.

Stefnandi hefur að vísu ekki fært fram nein gögn til stuðnings þessum kröfulið, en gera má ráð fyrir, að fót hans hafi að einhverju leyti spillt af völdum slyssins. Má fallast á það með stefnanda, að fjárhæð sú, sem hann nú krefst af því efni, kr. 500.00, sé við hóf.

*Um 5.*

Þessi kröfuliður sætir ekki mótmælum og verður tekinn til greina óbreyttur.

*Um 6.*

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Þegar það er virt, sem í málinu nýtur um meiðslí stefnanda af völdum slyssins, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 20.000.00.

Tjón stefnanda samkvæmt framangreindum fimm kröfuliðum telst þá nema alls kr. 96.925.00 (kr. 75.000.00 + kr. 1.000.00 + kr. 500.00 + kr. 425. 00 + kr. 20.000.00). Helming þeirrar fjárhæðar, kr. 48.462.50, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda.

Stefndi hefur mótmælt því sérstaklega, að hærri vextir verði reiknaðir af dæmdum bótum en 6% p. a.

Rétt þykir að dæma 6% ársvexti frá þeim tíma, sem krafizt er, og til 22. febrúar 1960, en 7% ársvexti, eins og krafizt er, frá þeim degi til greiðsludags, sbr. lög nr. 4/1960.

Eftir málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 8.727.00 í málskostnað. Er þar með talinn útlagður kostnaður stefnanda af málinu, svo sem hér greinir: Fyrir örorkuvottorð kr. 550.00, fyrir útreikning tjóns kr. 1.410.00, fyrir endurrit skattframtala kr. 100.00, fyrir dómkvaðningu skoðunarmanna kr. 167.00 og þóknun skoðunarmanna, kr. 700.00, eða alls

kr. 2.927.00. Af málskostaðinum hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Gunnar A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, kr. 5.800.00 í málflutningslaun.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

#### Dómsorð:

Stefndi, Olíufélagið h/f, greiði stefnanda, Jóni Gunnarsyni, kr. 48.462.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. marz 1954 til 22. febrúar 1960, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.727.00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflutningsmaður stefnanda, Gunnar A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, kr. 5.800.00 í málflutningslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 26. maí 1961.

**Nr. 192/1960. Níels Ingvarsson** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)  
 gegn  
**Innheimtumanni ríkissjóðs, bæjarfógetanum  
 í Neskaupstað f. h. ríkissjóðs**  
 (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1960. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstrétti úr hendi áfrýjanda.